

9.9.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2016, 722/2017, 669/2018, 1278/2018 og 977/2020

Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Brunamótstaða burðarvirkja – staðlað brunafæri

Í grein 9.9.3 í byggingarreglugerð segir:

„Hrun viðkomandi burðarvirkja skal ekki eiga sér stað innan skilgreindra tímamarka skv. töflu 9.11 miðað við staðlað brunafæri.

Tafla 9.11 Brunamótstaða burðarvirkja eftir brunaálagi.

Áhætta vegna öryggis fólks	Brunaálag $q_{f,k}$		
	$\leq 800 \text{ MJ/m}^2$	$\leq 1.600 \text{ MJ/m}^2$	$> 1.600 \text{ MJ/m}^2$
Mjög takmörkuð	0	0	0
Lítill	R 30	R 30	R 30
Meðal	R 60	R 90 (*R 60)	R 120 (*R 90)
Mikil	R 90 (*R60)	R 120 (*R 90)	R 180 (*R 120)
Mjög mikil	R 120 (*R 90)	R 180 (*R 120)	R 240 (*R 180)
* með sjálfvirku vatnsúðakerfi skv. 9.4.6. gr. má lækka kröfuna um eitt þrep.			

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“

Leiðbeiningar

1 Inngangur

Samkvæmt 9.2.2 gr. byggingarreglugerðar gildir að meginreglur eru ávallt ófrávíkjanlegar en viðmiðunarreglur eru frávíkjanlegar með tækniskiptum eða brunahönnun enda sé sýnt fram á að brunaöryggi sé ekki skert og uppfyllt séu meginmarkmið reglugerðarinnar og meginreglur þeirra ákvæða sem vikið er frá. Grein 9.9.3 er öll meginregla.

2 Almenn

Hönnun burðarvirkja með tilliti til bruna samkvæmt þessari grein er gerð eftir stöðluðu brunakúrfunni sem er lýst í 3.2 grein í EN 1991-1-2 Eurocode 1: Actions on structures - Part 1-2: General actions - Actions on structures exposed to fire.

Í staðlinum ÍST EN 13501-2:2007 er í kafla 7.2 fjallað um flokkun burðareininga og skal miða við þá flokkun þegar metið er hvort hrun burðarvirkja hafi átt sér stað.

Heimildir

- ÍST EN 1991-1-2:2002: Eurocode 1: Hönnun brunahluta – Hluti 1-2: Almennt – Eldvarnarhönnun.
- ÍST EN 13501-2:2007: Fire classification of construction products and building elements - Part 2: Classification using data from fire resistance test, excluding ventilation services.

Yfirlit yfir breytingar sem gerðar hafa verið á leiðbeiningunni:

Útgáfa	Lýsing á breytingu:	Dags.
1.0	Á ekki við	8.10.2013
1.1	Letur stækkað	20.7.2013
1.2	MVS breytt í HMS, tilvísanir fjarlægðar	10.2.2020
1.3	Yfirlit yfir breytingar og textabreytingar	11.1.2021